

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Til þess að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar, skal leggja skatt á allar fasteignir, hús og lóðir og önnur mannvirki í kaupstaðnum, að undanskildum fasteignum sem notaðar eru í þágu ríkisins, fasteignum bæjarfélagsins, kirkjum og öðrum líknar- og menningarstofnunum.

2. gr.

Fasteignaskatturinn skal árlega vera eins og hér segir:

- a. Af verzlunarlóðum og lóðum, þar sem atvinnurekstur á sér stað, byggðum og óbyggðum, skal greiða 2% — tvo af hundraði —.
- b. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum og byggingum, sem notaðar eru til atvinnureksturs, svo og bryggjum, olíu- og hensíngeymum, skal greiða 1% — einn af hundraði —.
- c. Af íbúðarhúsum og meðfylgjandi lóðum skal greiða 0,7%. Undanskilin eru tún, matjurtagarðar og þerrireitir.

3. gr.

Skattur sá, sem um getur í 2. gr., skal lagður á eftir fasteignamati og annast bæjargjaldkeri innheimtu hans.

Leigjandi greiðir skatt af leigulóðum.

4. gr.

Skatt þann, er um ræðir í 2. grein, skal reikna af heilum hundruðum króna af virðingarverði fasteignar, en því, sem umfram er, skal sleppa og nái virðing ekki 100 krónum greiðist enginn skattur.

5. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal, ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hún brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

6. gr.

Ef fasteignaskattur er ekki greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga skal greiða 1% dráttarvexti á mánuði frá gjalddaga, þar til upphæðin er greidd að fullu.

Skatt þennan, ásamt dráttarvöxtum, má taka lögtaki.

7. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal í fyrsta sinn vera 15. maí 1938, en síðan skal gjalddagi vera 15. janúar ár hvert, í fyrsta skipti 15. janúar 1939.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og 23 samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, og birtist til 7. apríl eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð bændaskólanna á 24 Hólum í Hjaltadal og Hvanneyri í Borgarfirði“, útgefin á venjulegan hátt ad man- 8. apríl datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð bændaskólanna á Hólum í Hjaltadal
og að Hvanneyri í Borgarfirði.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 100 ára afmæli Búnaðarfélags Íslands, 8. júlí 1937. Stofnfé hans er þrjú þúsund krónur — gjöf frá firmunum I. G. Farben & Norsk Hydro. Verkefni sjóðsins er að verðlauna nemendur er ljúka námi við bændaskólana og færastir reynast að verklegri og bóklegri kunnáttu við brottfararpróf frá skólunum.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 3000 — þrjú þúsund krónur —, gjafir sem sjóðnum hlotnast og að minnsta kosti helmingur vaxta, sem eigi koma til úthlutunar til verðlauna samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Hið upprunalega stofnfé og það sem þannig bætist við má eigi skerða.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands skal annast stjórn sjóðsins. Hún úthlutar verðlaunum úr sjóðnum, samkvæmt tillögum skólastjóranna á Hólum og Hvanneyri og fastráðinna kennara við þá skóla.

3. gr.

Hin fyrstu 10 starfsár sjóðsins — í fyrsta sinn vorið 1939 — skal árlega veita einum nemanda við hvorn skóla verðlaun úr sjóðnum. Verðlaunin skulu veitt þeim nemendum er að dómi skólastjóra og fastráðinna kennara við skólana, og samkvæmt prófun, hafa sýnt bezta kunnáttu í verklegum og bóklegum námsgreinum samanlagt. Aldrei má veita nemanda verðlaun, nema að verkleg kunnáttu hans sé meiri en í meðallagi.

Eftir að liðin eru 10 ár, sem verðlaun hafa verið veitt úr sjóðnum, má árlega veita tveimur nemendum við hvorn skóla verðlaun á sama hátt.

Til verðlauna þessara má árlega verja allt að helmingi af rentum sjóðsins á undanfögnu almanaksári.

4. gr.

Verðlaun þau, sem veitt eru samkvæmt 3. gr. skulu, öðru fremur, vera nytsamar búfræðibækur. Með hverjum verðlaunum skal afhenda verðlaunaskjal, undirritað af stjórn sjóðsins.